

Verðlagsskrá,

sem gildir fyrir

Barðarstandarsýslu

frá miðju maímánaðar 1896 til jafnlengdar 1897.

30

10. marz

		í peningum		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
<i>A. Fríður peningur.</i>						
1.	1 hndr. 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðarloka, í fard. á	107	97	107	97	90
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum hver á	13	61	81	66	68
3.	— 6 sauðir 3 til 5 vetra, á hausti	17	51	105	06	88
4.	— 8 — tvævetrir	14	01	112	08	93
5.	— 12 — veturgamlir	10	43	125	16	104
6.	— 8 ær geldar	12	88	103	04	86
7.	— 10 — mylkar	8	86	88	60	74
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum á	67	27	67	27	56
9.	— 1½ hryssu, á sama aldri	56	81	75	75	63
<i>B. Ull, smjör og tólg.</i>						
10.	1 hndr. 120 pd. af hvíttri ullu, vel þveginni, pundið á	»	62	74	40	62
11.	— 120 — af mislitri ullu, vel þveginni	»	41	49	20	41
12.	— 120 — af smjöri, vel verkuðu	»	65	78	»	65
13.	— 120 — af tólgu, vel bræddri	»	42	50	40	42
<i>C. Tóvara af ullu.</i>						
14.	1 hndr. 30 pd. hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi; haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði pundið á	»	»	»	»	»
15.	— 60 þör eingirnissokka parið .	»	89	53	40	45
16.	— 30 — tvíbands gjaldsokka	1	46	43	80	36
17.	— 180 — sjóvetlinga	»	31	55	80	47
18.	— 20 eingirnispeisur hver á	3	33	66	60	55
19.	— 15 tvíbands gjaldpeisur	5	25	78	75	66
20.	— 120 álnir gjaldvoðarvaðmáls, álnar breiðs, 1 alin á	1	37	164	40	137
21.	— 120 álnir einskeptu, 1 al. til 5 kv. breiðrar, 1 alin á	1	03	123	60	103
<i>D. Fiskur.</i>						
22.	1 hndr. 6 vættir af saltfiski vel verkuðum vættin á	12	32	73	92	62
23.	— 6 — — harðfiski — — —	12	08	72	48	60
24.	— 6 — — þyrsklingi — — —	10	50	63	»	53
25.	— 6 — — ýsu, hertri	10	08	60	48	50
26.	— 6 — — hákarli, hertum	10	78	64	68	54
<i>E. Lýsi.</i>						
27.	1 hndr. 1 tunna (120 pt.) hvalslýsis 8 pottar á	1	67	25	05	21
28.	— 1 — — — hákarlslýsis 8 —	1	75	26	25	22
29.	— 1 — — — selslýsis 8 —	1	66	24	90	21
30.	— 1 — — — þorskalýsis 8 —	1	33	19	95	17

		í peningum		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
30	<i>F. Skinnavara.</i>					
10. marz	31. 1 hndr. 4 fjórðungar nautskinns 10 pund á	12	56	50	24	42
	32. — 6 — kýrskinns — —	10	72	64	32	54
	33. — 6 — hrossskinns — —	9	60	57	60	48
	34. — 8 — sauðskinns, af tvævetrum og eldri — —	8	69	69	52	58
	35. — 12 — sauðskinns, af veturgömlum og ám — —	7	15	85	80	71
	36. — 6 — selskinns — —	11	10	66	60	56
	37. — 240 lambskinn (vorlamba), einlit hvert á	»	29	69	60	58
<i>G. Ýmislegt.</i>						
	38. 1 hndr. 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, pundið á	8	63	51	78	43
	39. — 40 — óhreinsuðum — —	»	»	»	»	»
	40. — 120 — fuglaflöðri 10 pund	7	35	88	20	73
	41. — 480 — fjallagrösum — —	»	»	»	»	»
	42. 5 álnir 1 dagsverk um heyannir	2	36	»	»	47
	43. — 1 lambsfóður	4	81	»	»	96

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:

<i>Eptir A. eða í friðu</i>	96	29	80
— <i>B. — í ullu, smjöri og tólga</i>	63	»	53
— <i>C. — í ullartóvöru</i>	83	76	70
— <i>D. — í fiski</i>	66	91	56
— <i>E. — í lýsi</i>	24	04	20
— <i>F. — í skinna-vöru</i>	66	24	55

En meðalverð allra landaura samantalið 400 24 334
og skipt með 6 sýnir:

meðalverð allra meðalverða 66 71 56

Reykjavík, 10. marzmán. 1896.

J. Havsteen. Hallgr. Sveinsson.

Auglýsing

um breytingu á leiðarvísi fyrir póstaðgreiðslumenn 1. febr. 1892

og leiðarvísi fyrir brjefhirðingamenn, dags. s. d.

31
4. marz

Samkvæmt tillögum póstmeistara, er hjer með ákveðið, að 9. gr. í leiðarvísu fyrir póstaðgreiðslumenn og brjefhirðingamenn, dags. 1. febr. 1892, skuli úr gildi numin, en í þess stað komi svohljóðandi grein, er verði 9. grein í báðum hinum nefndu leiðarvísu:

»Eigi má senda í póstattöskum til brjefhirðingarstaða eða frá þeim peningasendingar, sem eru þyngri en 4 pund. Skulu þær sendingar fyrst vera vandlega innsiglaðar og um þær búið samkvæmt auglýsingu um póstmál 3. maí 1872, 13. gr. Síðan skal láta þær, ásamt tilheyrandi tilvísunarbrjefum og póstskránni, í póstpoka, er á að vera innsiglaður, með innsigli póstaðgreiðslunnar, þegar afgreiðslan fer fram á póstaðgreiðslustað, en með innsigli hlutadeigandi brjefhirðingamanns, þegar sendingin er afgreidd frá brjefhirðingastað. Þess ber vandlega að gæta, að aðrir ná ekki að nota þau signet, sem þannig eru notuð í þjónustu póststjórnarinnar«.

Samkvæmt þessu ber öllum póstaðgreiðslumönnum og brjefhirðingamönnum að hegða sjer.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 4. marz 1896.

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.